

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 9. desember 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 9/2014, 3. lið og fg. ÍM 2/2014, 1. lið. Ágústa Þorbergsdóttir á Árnastofnun hefur samþykkt að skrifa samantekt um hvað hefur áunnist í íðorðamálum á síðustu árum. Sigurður Pálsson og Melkorka Tekla Ólafsdóttir ætla að senda formanni fljótlega eftir áramót kafla um listir.

Haraldur tók að sér að samræma frágang á efni í úttektinni. Stefnt verður að því að skila henni til ráðherra eftir febrúarfund stjórnar ÍM. Semja þarf inngangskafla þar sem tæpt verður á helstu niðurstöðum úttektarinnar.

Í bréfi til ráðherra sem fylgja mun úttektinni verður lögð áhersla á máltækni og skólamál.

### 2. Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2011–2015

Formaður óskaði eftir tillögum stjórnarinnar um hvað ætti helst að leggja áherslu á eða vinna að það sem eftir væri af skipunartímabili núverandi Málnefndar en hún hættir 31. ágúst 2015.

Formaður sagði að í stefnuskrá Málnefndarinnar (<http://islenskan.is/stefnuskra>) væri lögð mikil áhersla á skólamál. Rætt var um að óska eftir fundi, til að mynda í mars, með nýjum forseta menntavísindasviðs Jóhönnu Einarsdóttur og Gunnhildí Óskarsdóttur nýjum forseta kennsludeildar. Mikilvægt væri að koma á framfæri við þær áhyggjum Íslenskrar málnefndar af lítilli íslenskukennslu kennaranema.

Nefnt var að Málnefndin gæti beitt sér í því að hafin yrði vinna við nýja málstefnu Háskóla Íslands. Óskað verður eftir fundi í febrúar með Ástráði Eysteinssyni, forseta Hugvísindasviðs, um kennslumál og málstefnu á sviðinu.

Á árunum 2009–2012 var unnið í tveimur hópum á vegum Íslenskrar málnefndar að nýjum stafsetningarreglum nefndarinnar (sjá <http://islenskan.is/ritreglur-im> og bls. 673–736 í *Stafsetningarorðabókinni* (2006)). Í fyrri hópnum (2009–2010) voru Steinunn Stefánsdóttir, Haraldur Bernharðsson, Baldur Sigurðsson, Margrét Guðmundsdóttir og Jóhannes B. Sigtryggsson. Áfangadrög að nýjum reglum (um eitt orð eða fleiri, um stóran og lítinn staf og komusetningu) voru kynnt á fundi Íslenskrar málnefndar 14. október 2010 (sjá fg. ÍM 2/2010, 3. lið). Í seinni stafsetningarhópnum (9.2011–6.2012), sem skipaður var á fundi stjórnar ÍM 2/2011, voru Haraldur (formaður), Margrét og Jóhannes. Endurskoðunin hefur verið í bið frá miðju ári 2012. Formaður sagði að brýnt væri að lokið yrði við endurskoðunina og þá sérstaklega þar sem unnið væri nú að 2. útgáfu Stafsetningarorðabókarinnar og mikilvægt væri að hún yrði í samræmi við nýjar ritreglur.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.40.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.